



Only Peace Will Do Friðaryfirlýsing Höchstadt

Friðaryfirlýsinguna má rekja til hugmynda og tillagna barna og unglunga í Höchstadt í tengslum við þúsund ára afmæli bæjarins. Við erum sannfærð um að komast megi hjá hernaðaráttökum ef neðangreind sjö atriði eru virt.

§1. Mannleg virðing og mannréttindi

Allir menn hafa sama rétt óháð uppruna þeirra eða trú. Við gerum ekki grín að eða hlæjum að neinum og útilokum engan.

§2. Grundvallar þarfir allra manna

Við reynum að tryggja að allir menn hafi nægilegt vatn, mat, húsnæði og lágmarks læknishjálp og eigi möguleika á því að fá vinnu og sanngjörn vinnulaun.

§3. Menntun og menning

Við beitum okkur fyrir því að öll börn geti gengið í skóla. Í öllum skólum skal veita fræðslu um umburðarlyndi og viðurkennd þjóðfélagsleg gildi. Við styðjum menningararburði sem fær fólk til að íhuga og þrá frið. Við höfum viðbjóð á atburðum og leikjum sem vegsama stríðsátök.

§4. Vald og máttur

Öllum hópum þjóðfélagsins skulu veittir möguleikar til að nýta lýðræðislegan rétt sinn til stjórn mála legra ákvarðana. Stjórn málamenn eiga einungis að nýta rétt sinn til valda í samræmi við vilja kjósenda sinna. Við erum á móti pyntingum, dauðadónum og geryðingarvopnum. Öll vopn heimsins eiga að vera háð alþjóðlegri umsjón og um síðir varanlega háð alþjóðlegum samþykktum.

§5. Vináttu og hjálpar

Við hjálpumfólki í fátækari ríkjum ásamt fötluðum og öðrum sem eiga undir högg að sækja. Við þegjum ekki ef við verðum vör við óréttlæti. Við styðjum samkomulag milli sveitarfélaga, svæða og skóla sem miða að þróun vináttu og skilnings milli fólks og menningar þess.

§6. Trú og sátt

Við biðjum fyrir nauðsynlegum styrk til sátta. Guð ber ekki ábyrgð á stríði. Allir verða að vera ábyrgir og jákvæðir til að friður verði að veruleika.

§7. Persónulegt framlag til friðar

Við tökum tillit til andstæðinga okkar á jafnréttisgrundvelli. Við reynum að bæta úr mistökum og ágreiningi. Við leitum leiða til að biðjast afsökunar. Við svörum ekki illgjörnum athugasemdum með móðgun heldur með svari til sátta.